



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir bálstofu að Vesturhlíð 6.

Nafn leyfishafa: Kirkjugarðar Reykjavíkur

Heimilisfang: Vesturhlíð 8 Póstnúmer: 105

Kennitala: 690169-2829

Útgáfudagur leyfis: 11. júní 2021

Gildir til: 11. júní 2033

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértækum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 11. júní 2021



Starfsleyfisskilyrði fyrir bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur, kt. 690169-2829

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi bálstofu að Vesturhlíð 6, Reykjavík. Rekstraraðili er Kirkjugarðar Reykjavíkur, kt. 690169-2829. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerðar nr. 668/2007 um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.
- 1.2. Starfsleyfið gildir frá 11. júní 2021 til 11. júní 2033.
- 1.3. Starfseminni skal hagað þannig að hún valdi ekki nágrönnum eða fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna reyks, lyktar, hávaða eða annars ónæðis. Líkbrennsla er heimil virka daga. Líkbrennsla skal hefjast eigi síðar en kl. 7.00 og vera lokið eigi síðar en kl. 16.00. Aðeins má nota einn ofn hverju sinni við líkbrennslu. Aðeins má starfrækja búnað sem er í lagi þannig að mengun sé haldið í lágmarki.
- 1.4. Starfsleyfið skal endurskoða að lágmarki fjórum árum eftir útgáfu þess.
- 1.5. Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum atvinnurekstursins er meiri en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á bestu aðgengilegri tækni (BAT) sem gerir það kleift að að koma í veg fyrir eða, þar sem því verður ekki við komið, draga úr losun og áhrifum á umhverfið í heild eða ef annmarkar eru á framkvæmd starfsleyfisskilyrðanna. Jafnframt skal endurskoða starfsleyfið ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við, ef breytingar verða á atvinnurekstri eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi, samanber 14 gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- 1.6. Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrir mælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um úrbætur getur það beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.7. Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.8. Taki nýr aðili við rekstrinum getur hann sótt um til HER að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Það telst vera breyting á starfsleyfi sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, en ekki á starfsleyfisskilyrðum. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.
- 1.9. Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna HER um það með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. HER metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.10. Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.11. Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.

- 1.12. Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. HER birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birting er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Brennsla

- 2.1. Brennsla skal miðast við að hitastig sé yfir 650 °C í aðalbrennsluhólfi og yfir 800 °C í eftirbrennara og að reykur sé ekki sýnilegur úr skorsteini líkbrennslunnar. Til að tryggja sem bestan bruna og rétt hitastig skal gripið til eftirfarandi ráðstafana:
 - 2.1.1. Eftirlitsmyndavél skal vera við skorstein líkbrennslunnar svo umsjónarmaður ofnsins geti fylgst með sýnileika á reyk sem frá brennslunni kemur.
 - 2.1.2. Hitamælar skulu stöðugt mæla hitastig í aðalbrennsluhólfi og eftirbrennara. Notkun ofnsins miðist við að hægt sé að brenna samfelt.
 - 2.1.3. Við notkun ofnanna skal fylgja verklagsreglum sem Kirkjugarðar Reykjavíkur hafa sett fyrir starfsemina, skv. 5. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 668/2007, og HER hefur samþykkt.
 - 2.1.4. Halda skal dagbók fyrir brennsluna þar sem fram komi tímasetning brennslunnar, hitastig fyrstu 15 mínúturnar og hvern hálf tíma eftir það, tilvik þar sem reykur sést koma upp um skorsteininn og kvartanir sem berast úr nágrenninu vegna starfseminnar, ásamt viðbrögðum við þeim.

3. Gerð brennslukistna

- 3.1. **Brennslukistur** skulu ekki vera lengri að utanmáli en 230 sm, ekki hærri en 80 sm og ekki breiðari en 80 sm, þar með talin handföng og sökkull (fætur). Kistur úr efnum sem geta valdið mengun við brennslu eru óleyfilegar. Kistur úr efni sem getur hugsanlega valdið skemmdum á brennsluofninum (t.d. vegna sprenginga) eru ekki leyfðar.
- 3.2. **Efniviður** kistu skal vera óvarið, ómeðhöndlað, gegnheilt timbur, óvatnsvarið MDF og spónaplötur (E1). Efnisþykkt skal minnst vera 14 mm.
- 3.3. **Lím** í kistum má ekki innihalda krabbameinsvaldandi eða ofnæmisvaldandi efni né þungmálma. Límið verður að vera niðurbriótanlegt og hafa vistvænan stimpil.
- 3.4. **Yfirborðsmeðhöndlun.** Málning eða önnur yfirborðsmeðhöndlun má ekki innihalda þungmálma eða önnur mengandi efni. Enn fremur mega kistur ekki vera plastklæddar eða úr efnum sem valda sprengihættu eða ótímabærum eldi.
- 3.5. **Handföng** skulu vera úr tré eða plasti, sem sérstaklega eru ætluð til brennslu og valda ekki mengun, eða úr reipi úr efniviði úr plönturíkinu eins og t.d. pappa, hampi, sísal eða öðrum efnum sem ætluð eru til brennslu og valda ekki mengun. Aðrar tegundir handfanga skal skrófa af kistum fyrir bálför.
- 3.6. **Kistuskreytingar** unnar úr tré, masoníti eða hreinum pappa eru einungis leyfðar. Skreytingar úr öðrum efnum ber að fjarlægja af kistu fyrir bálför.
- 3.7. **Skrúfur** (skreytingar) úr sinki eða blýi, eða skrúfur sem geyma slík efni má ekki nota til brennslu.
- 3.8. **Samsetningarefni** s.s. vinklar, skrúfur, naglar og hefti mega ekki veða meira en 250 grömm í hverri kistu.
- 3.9. **Innri umbúnaður**, s.s. líkklæði, sæng, koddur og blæja, skal vera úr efni sem valda ekki mengun við brennslu. Óheimilt er að nota einangrunarefni, s.s. glerull, steinull og plast. Ekki er leyfilegt að brenna kistu sem inniheldur líkpoka eða blikkistu (sink).
- 3.10. Bálstofa Kirkjugarða Reykjavíkur skal hafna kistum sem uppfylla ekki þessi skilyrði.

4. Vöktun

- 4.1. Mælingar á kvikasilfri í jarðvegi í næsta umhverfi bálstofunnar voru síðast gerðar á jarðvegssýnum sem voru tekin þann 22.6.2011. Endurtaka þarf sýnatöku og mælingar á kvikasilfri í umhverfi bálstofunnar og skila niðurstöðum til HER innan árs frá útgáfu þessa starfsleyfis. Framkvæma á slíka mælingu á kvikasilfri í jarðvegi á 10 ára fresti, í samræmi við viðmið fyrir vöktun á jarðvegi skv. 10. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

5. Mengunarvarnir

- 5.1. Rekstraraðila ber að innleiða mengunarvarnir fyrir starfsemina innan 4. ára frá veitingu starfsleyfisins. Innleiða skal hreinsibúnað í samræmi við bestu aðgengilegu tækni (BAT), í samræmi við 5. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- 5.2. Í síðasta lagi einu ári frá veitingu starfsleyfis skal rekstraraðili skila tímasettri áætlun um hvernig bálstofan muni innleiða mengunarvarnir í samræmi við BAT fyrir starfsemina. Taka skal mið af niðurstöðum um bestu aðgengilegri tækni (BAT conclusion) liggi þær fyrir, þróun á bestu aðgengilegu tækni liggi BAT niðurstöður ekki fyrir eða þeim kröfum sem gerðar eru í nágrannalöndum fyrir sambærilega starfsemi. Mengunarvarnarbúnaður þarf að uppfylla kröfu um að hægt sé að nota staðlaðar mæliaðferðir fyrir viðkomandi mengandi efni í útblæstri frá bálstofunni.
- 5.3. Rekstraraðila ber að tilkynna HER með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara fyrirhugaða innleiðingu á mengunarvörnum og senda upplýsingar um mengunarvarnarbúnaðinn sbr. gr. 1.5 starfsleyfisfiskilyrðanna.

6. Viðhald og hreinsun

- 6.1. Við viðhald og hreinsun á ofnum og öðrum tengdum búnaði fellur til byggingarefni (múrsteinar) sem inniheldur kvikasilfur og önnur mengandi efni. Slíku byggingarefni á að farga sem spilliefni.
- 6.2. Vegna mengunarhættu er aðeins heimilt að þurrhreinsa skorstein og búnað þar sem reykur fer um í bálstofunni. Ekki er heimilt að nota vatn við þá hreinsun eða losa slíkt vatn í fráveitukerfi borgarinnar. Hreinsa ber skorstein að lágmarki einu sinni á ári og oftast ef þörf er talin á því.

7. Starfsemi hætt

- 7.1. Rekstraraðili þarf að tilkynna HER með fjögurra vikna fyrirvara ef starfsemi bálstofunnar er hætt. Þá skal rekstraraðili hreinsa bálstofubúnaðinn og koma öllum úrgangi til viðurkenndra móttökustöðvar. Hreinsunin skal vera í samráði við HER.
- 7.2. Ef jarðvegsmælingar benda til þess að lóðin hafi mengast vegna starfseminnar þarf rekstraraðili að sjá til þess að hún verði hreinsuð. Hreinsun lóðar eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi er hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun talin fullnægjandi. Við hreinsun skal m.a. taka mið af reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Viðauki sem sendur var rekstraraðila til skýringar

Reykháfur og stýring á hitastigi við brennslu í ofni eru einu mengunarvarnir sem eru til staðar varðandi útblástur frá bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur. Enginn hreinsibúnaður er til staðar við þessa endurnýjun leyfis 2021. Helsta mengun frá starfsemi bálstofunnar er loftborið kvikasilfur. Mæling var gerð á kvikasilfri í jarðvegssýnum nálægt bálstofunni árið 2011 (http://www.kirkjugardar.is/balstofa/skyrsla_um_mengun_fra_balstofu.pdf). Niðurstöður þeirra mælinga voru að ekki væri aukin kvikasilfursmengun í nánasta umhverfi bálstofunnar, með mæligildi 0.05 - 0,15 mg/kg þurrefnis, sem er lægra en magn kvikasilfurs í jarðvegi

almennt, en viðmiðunarmörk fyrir kvikasilfur í jarðvegi á íbúðarsvæði eru 0.83 mg/kg þurrefnis (sjá viðauka í reglugerð nr. 1400/2020 um mengun jarðvegs). Það er í samræmi við að loftborið kvikasilfur mengar umhverfið jafnt fjær sem nær. Nú eru tíu ár liðin frá síðustu mælingum og því gerð krafa um endurtekna mælingu á kvikasilfri í jarðvegi nálægt bálstofunni (sjá gr. 4.1). Slík mæling er í samræmi við viðmið fyrir vöktun á jarðvegi skv. 10. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Fjöldi bálfara hjá Bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur hefur margfaldast síðustu tvo áratugi og voru 976 árið 2020. Það er rúmlega sá fjöldi bálfara sem var spáð fyrir árið 2025 (886 bálfarir) og er meiri aukning en var reiknað með skv. rannsóknarskýrslu sem var gert fyrir bálstofuna árið 2007 (Hermann Þórðarson, 2007. Mat á kvikasilfursmengun frá líkbrennslu og dreifingarspá, Iðntæknistofnun Íslands, 6EM06110, 12 s.). Samkvæmt spá fyrir árið 2025 samsvarar sú starfsemi 7-9 kg losun á kvikasilfri frá bálstofunni á ári.

Evrópusambandið hefur ekki gefið út BAT niðurstöður fyrir bálstofur. Aftur á móti hafa flest Evrópulönd um nokkurt skeið gert kröfur um að nota BAT fyrir bálstofur til að lágmarka loftmengun frá þeim, t.d. kvikasilfursmengun sem er umalsverð, og virðir engin landamæri og er sérstaklega mengandi til sjávar (sjá Oskar samning um verndun Norðaustur-Atlandshafsins, sem Ísland hefur m.a. fullgilt). Varðandi notkun á BAT á norðurlöndunum sjá t.d. danska skýrslu frá 2008 (<https://bit.ly/3t7hxYG>) og sænska skýrslu frá 2017 (<https://bit.ly/2QIVSJa>).

Samkvæmt fyrrgreindum skýrslum frá Danmörk og Svíþjóð er meira en áratugur síðan byrjað var að gera þar kröfu um að bálstofur væru með hreinsibúnað í samræmi við BAT. Í Danmörk var t.d. veittur þriggja ára frestur fyrir innleiðinu hreinsibúnaðar fyrir eldri bálstofur, og fjögur ár fyrir bálstofur í Noregi (<https://bit.ly/3t7hxYG>). Við endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum bálstofunnar hefur HER litið til þess að fjölgun bálfara hefur verið hraðari en var spáð, með tilheyrandi auknu mengunarálagi sem fylgir því. Samkvæmt 5. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018 kemur fram að „Þegar stöð fellur ekki undir BAT-niðurstöður skal endurskoða starfsleyfisskilyrðin og ef nauðsyn krefur uppfæra að svo miklu leyti sem þróun á bestu aðgengilegu tækni gerir mögulega umtalsverða minnkun á losun.“ Enn fremur segir „að þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu“ ber að endurmeta og ef nauðsyn krefur uppfæra starfsleyfisskilyrði. Það er niðurstaða HER að fyrrgreind ákvæði eiga við um bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur og er því gerð krafa um að hún noti hreinsibúnað sem er í samræmi við BAT fyrir bálstofur.

Notkun á BAT miðast við að takmarka losun frá iðnaði. Í því skyni eru notuð viðmiðunarmörk fyrir mengandi efni t.d. í útblæstri. Slík viðmiðunarmörk eru sett til að viðkomandi mengandi efni fari ekki yfir sett umhverfismörk þeirra, sbr. reglugerð nr. 410/2008 um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkell og fjölhringa arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti. Viðmiðunarmörk eru til staðar fyrir helstu mengandi efni í sem koma fyrir í útblæstri bálstofa, en hafa ekki verið sett sérstaklega fyrir bálstofur á Íslandi. Til staðar eru viðmiðunarmörk fyrir helstu mengandi efni sem koma fyrir í útblæstri sorpbrennslustöðva sbr. VI. viðauka reglugerðar nr. 550/2021. Þau eru samærileg við viðmiðunarmörk sem hafa verið sett fyrir stórar bálstofur á hinum norðurlöndunum. HER leggur til að notuð verði viðmiðunarmörk fyrir mengandi efni í útblæstri frá bálstofum sem eru sambærileg við það sem er notað á norðurlöndunum (sjá ofangreindar skýrslur frá Danmörk og Svíþjóð).

Þegar íslenskar reglur eru ekki fyrir hendi nota stjórnvöld iðulega reglur eða viðmið frá öðrum

norðurlöndum, sbr. í starfsleyfum fyrir fiskimjölsverksmiðjur, svínabú og flugvelli. Það byggir meðal annars á því að til staðar er öflugt samstarf um þróun bestu fáanlegu tækni (BAT) á vegum norðurlanda (<https://bit.ly/32WT1Pr>), sem er til viðbótar við samstarf evrópuþjóða um þau mál.



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
 - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.

Verklagsreglur í bálstofu KGRP í Fossvogi

Hér verður lýst flutningi líka úr líkhúsi í bálstofu og skilyrðum sem þarf að uppfylla við brennsluna.

- Bálfararbeiðni undirrituð af hinum látna eða aðstandendum er afhent starfsfólki í Fossvogskirkju.
- Bálfararbeiðni er send sýslumanni til undirritunar.
- Sýslumaður undirritar beiðnina og sendir til Fossvogskirkju.
- Kistur merktar með grænum krossi (tveir krossar ef duftker fer út á land).
- Starfsmenn bálstofu fá tilbúna pappíra í hendur og sjá um að sækja kistuna og skanna hana út úr líkhúsi.
- Kistur eru sóttar í líkhús. Þar skal bera saman nöfn, kennitölur, auðkenni á kistu og stafi starfsmanns líkhúss á blöðum.
- Þegar inn í bálstofu er komið er kista sett á sleða. Sá, sem stýrir sleðanum, metur tvisvar að allt sé rétt stillt.
- Þess skal gætt að skorsteinn sé nógu heitur fyrir fyrstu innsetningu og útsláttur á rafmagni látinn virka. Ekki skal setja kistu inn í heitari ofn en 700°C.
- Fyrstu 30 mínúturnar eftir innsetningu kistu skal a.m.k. einn starfsmaður vera inni í bálstofu.
- Þegar bálför hefur farið fram í u.þ.b. 60 mínútur, skal sópa frá hurð og skara til í ofni. Reyna að hafa blástur í lægri mörkum og hiti skal vera í kringum 900°C.
- Þegar brennslu er lokið skal skara niður í skúffu í brennsluhólfi tvö. Eftir 60 mínútur fer skúffan í neðstu syllu í kæliskáp, síðan koll af kalli. Leirtafla fylgir alltaf hurð á ofni og skúffu. Bálfararblöð og tóm duftker raðast í sömu röð á vinnuborði, þ.e. færast til koll af kalli.
- Þegar fimmta kistan fer í ofninn, fer duft úr fyrstu bálför í kvörnina. Ekki skal geyma skúffur á vinnuborði.
- Frágangur á duftkeri skal vera með þeim hættiað first kemur bréfpoki, síðan duftið og síðast leirtaflan. Þokanum er lokað með broti eins og á umslagi. Loka skal með innsigli eða límkítti með fjórum punktum.
- Ker fara jöfnum höndum upp í skápa.

YFIRLÝSING UM TRÚNAÐAR- OG ÞAGNARHEIT

Ég undirritaður, starfsmaður bálstofu KGRP, lýsi hér með yfir eftirfarandi:

Ég heiti því að gæta fyllstu þagmælsku um allt það er varðar starf mitt og lýtur að einkamálum þeirra er ég þjónusta. Ég mun því ekki skýra óviðkomandi frá því sem ég verð áskynja í störfum mínum og leynt á að fara. Þagnarskylda þessi og ábyrgð hennar helst, þótt ég láti af störfum.

Ég geri mér grein fyrir því að brot á þagnarskyldu getur varðað brottrekstri.

Reykjavík, xx.xx.xxxx.

Nafn

Kt.

Vottur að rétttri undirritun og dagsetningu.



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur

kt. 690169-2829

Vesturhlíð 6, 105 R.

Starfsleyfi fyrir bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur, 105 R.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) móttók þann 2.6.2020 umsókn Kirkjugarða Reykjavíkur kt. 690169-2829, um starfsleyfi fyrir bálstofu við Vesturhlíð 6. Sótt er um endurnýjun starfsleyfis til 12 ára.

Þegar umsóknin var móttækin var gildistími starfsleyfis bálstofunnar að renna út þann 10.6.2020. Til að vinna tíma fyrir endurskoðun starfsleyfisskilyrða, og í ljósi þess að fullnægjandi umsókn var móttækin var samþykkt þann 16.6.2020 á 1457 afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að framlengja gildandi starfsleyfi að hámarki til 10.6.2021, með óbreyttum starfsleyfisskilyrðum. Vísað var til 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um heimild útgefanda starfsleyfis til að framlengja gildistíma gildandi starfsleyfis að hámarki til eins árs á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, hafi fullnægjandi umsókn um starfsleyfi borist útgefanda.

Móttaka umsóknar var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, <https://reykjavik.is/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>, þann 4.5.2021. Þá lá fyrir tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Í tillögunni er lagt til að um starfsemi gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemi gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Hér er um að ræða endurnýjun á starfsleyfi fyrir starfsemi sem var með gilt starfsleyfi. Engar breytingar hafa orðið á mannvirkjum. Ekki var talin þörf á leita eftir umsögnum skipulags- og byggingafulltrúa.



3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins (<https://reykjavik.is/tillogur-ad-starfsleyfi-i-auglysingu>). Auglýsingin var birt þann 4.5.2021 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 31.5.2021.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi frá tveimur aðilum, frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP), sem er umsækjanda starfsleyfisins og frá forsvarsfólki Tré lífsins – bálstofa og Minningargarðar ses.

Athugasemdir frá KGRP og svör Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur:

Undirritaður er hér með nokkrar athugasemdir og vangaveltur um starfsskilyrði fyrir bálstofu KGRP.

1.3. „Starfsemin er heimil frá 07:00 til 15:00 á virkum dögum“. Undirritaður fær ekki skilið hvað ræður þessu nýja ákvæði. Á 5 ára tímabili frá og með 2016 til og með 2020 fóru bálfarir úr 718 í 976, þ.e. þeim fjölgaði um 36%. Ef álíka fjölgun verður á næstu 4 árum verða bálfarir komnar í u.þ.b. 1.250 og þá er þessi tímarammi löngu sprunginn. Í dag er iðulega brennt 4 daga vikunnar en sá 5. er notaður til tiltektar o.fl. Síðan má nefna það að leitast hefur verið við að brenna að hluta utan fótaferðatíma fólks vegna sjónmengunar af reyk sem kemur stundum fyrir. Bálstofan í Fossvogi er eina bálstofan á Íslandi. Getur það verið að HER sé að fara inn á þessa braut, þ.e. að hafa takmarkaðan tíma hvern virkan dag, til að takmarka bálfarir á Íslandi? Farið er fram á að þetta ákvæði verði strikað út.

Svar HER: HER hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að veita starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi sbr. viðauka IV við löggin og setja starfseminni mörk í starfsleyfisskilyrðum um hvað geti talist ásættanleg umhverfisáhrif (mengunarvarnir, umgengni o.fl.) út frá m.a. starfseminni og staðsetningu. Helstu umhverfisáhrif er losun mengandi efna í útblæstri og ónæði (lykt og sjónræn vegna reyks) frá starfseminni.

Frá 2000 eru skráðar hjá HER fimm kvartanir um ólykt frá starfseminni, tvisvar frá leikskólanum Sólborg, tvisvar frá íbúa við Beykihlíð og einu sinni frá reiðhjólmanni sem kvartaði um mörg slík tilvik þegar hann hjólaði fyrir kl. 7 á milli kirkjugarðs og flugbrautarenda undir Öskjuhlíð. Í sumum tilvikum hefur skýringin verið ófullnægjandi stilling á bruna eða bilun á búnaði bálstofunnar. Skv. upplýsingum bálstofunnar hefur líkbrennslan verið frá kl. 7:00 – 15:00 á virkum dögum, sem hefur dugað til að anna



starfseminni þrátt fyrir aukna eftirspurn eftir brennslum. Forsenda fyrir tillögu HER að tímarammanum var að starfseminni sé lokið áður en búast má við að íbúar í nærumhverfi séu almennt komnir heim til sín um síðdegið, til að draga úr líkum á ónæði vegna lyktar og reyks. Við nánara samráð HER við rekstraraðili kom rekstraraðili því á framfæri að fjöldi bálfara getur verið breytilegur yfir árið og því ómögulegt að takmarka fjölda bálfara við fyrrgreindan tímaramma. Nær væri að byrja líkbrennslu fyrr á morgnana, t.d. kl. 6:00 alla virka daga, en aðallega er mengun frá fyrstu brennslu dagsins þegar ofninn er að ná réttum hita. Yfirleitt væri brennslu lokið fyrir 14:00 en gæti í sumum tilvikum verið lengra fram á daginn. Til að koma til móts við athugasemdir KGRP hefur HER breytt viðkomandi ákvæði í gr. 1.3 starfsleyfisskilyrða í að „Líkbrennsla er heimil virka daga. Líkbrennsla skal hefjast eigi síðar en kl. 7.00 og vera lokið eigi síðar en kl. 16.00.“ Þessi tímamörk verða til skoðunar við endurskoðun starfsleyfis, sem og önnur ákvæði þess.

5. Menngunarvarnir

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) hafa frá upphafi rekið einu bálstofuna á Íslandi. Hún var tekin í notkun 1948 og er því komin til ára sinna. Þrátt fyrir háan aldur getur bálstofan í Fossvogi engu að síður sinnt hlutverki sínu mörg ár í viðbót ef þess er gætt að viðhald hennar verði með eðlilegum hætti. Undanfarna tvo áratugi hafa danskir sérfræðingar komið og tekið bálstofuna út og síðan lagfært það sem komið er á tíma. Von er á heimsókn þeirra þegar öruggt verður að ferðast vegna Covid-19, vonandi seinnipartinn í sumar eða haust.

Í viðauka starfsleyfisskilyrða fyrir bálstofu KGRP stendur:

„Fjöldi bálfara hjá Bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur hefur margfaldast síðustu tvo áratugi og voru 976 árið 2020. Það er rúmlega sá fjöldi bálfara sem var spáð fyrir árið 2025 (886 bálfarir) og er meiri aukning en var reiknað með skv. rannsóknarskýrslu sem var gert fyrir bálstofuna árið 2007 (Hermann Þórðarson, 2007. Mat á kvikasilfursmengun frá líkbrennslu og dreifingarspá, Iðntæknistofnun Íslands, 6EM06110, 12 s.). Samkvæmt spá fyrir árið 2025 samsvarar sú starfsemi 7-9 kg losun á kvikasilfri frá bálstofunni á ári.“ Þegar mat Hermanns á kvikasilfursmengun frá líkbrennslu og dreifingarspá var gerð í janúar 2007 var ekki búið að gera mælingar á kvikasilfri í jarðvegssýnum nálægt bálstofunni en það var gert 2011. Er hægt að draga þessa ályktun af þeirri skýrslu sem gerð var 2007, þ.e. 4 árum áður en jarðvegssýni voru tekin sem sýna niðurstöðu langt undir viðmiðunarmörkum (Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma KGRP (kirkjugardar.is)? Áformað er að láta gera jarðvegsrannsókn seinnipartinn í sumar eða haust og þá verður hægt að draga ályktun um kvikasilfurslosunina og í framhaldi til hvaða ráðstafana eigi að grípa. Það væri vel þegið ef HER gæti bent á þann aðila hér á landi sem tæki slíkt að sér.

Svar HER: Þann 1. janúar 2021 tók gildi reglugerð nr. 1400/2020 um mengun í jarðvegi. Með gildistöku reglugerðarinnar hefur HER loks vinnutæki til að túlka og meta niðurstöður mælinga á mengun í jarðvegi.

KGRP vísar í viðauka sem fylldi drögum að starfsleyfisskilyrðum sem voru send til hans. Viðaukanum hefur verið bætt við skjal með starfsleyfisskilyrðum fyrir bálstofuna. 1) Skýrsla Iðntæknistofnunar frá 2007 um kvikasilfurmengun frá bálstofunni byggir á áætluðu magni kvikasilfurs í tönnum látinna og fjölda bálfara. Kvikasilfur í útblæstri bálstofa mengar jafnt fjær sem nær. Tilgangur vöktunar á kvikasilfri í jarðvegi nálægt bálstofunni er að ganga úr skugga um að ekki sé um óvenjulega mengun að ræða í



nærumhverfi, sérstaklega í ljósi stöðugar aukningar í fjölda bálfara hjá bálstofunni. 2) KGRP þarf að finna verkfræði- eða rannsóknastofu á Íslandi sem gæti sinnt jarðvegsrannsóknunum og HER gæti samþykkt sem óháðan aðila. Ábendingum um mögulega aðila hefur verið komið á framfæri við KGRP.

Ólíklegt er talið að hægt sé með góðu móti tæknilega að koma við hreinsunartækjum við ofna bálstofunnar í Fossvogi og ljóst er að það er ekki fjárhagslega hagkvæmt. Þeir dönsku sérfræðingar sem koma í haust hafa þegar verið spurðir um möguleika á að setja slíkan hreinsibúnað (BAT), sem nefndur er í viðauka starfsskilyrðanna, við ofna bálstofunnar í Fossvogi. Vænlegra þykir að reisa nýja bálstofu á næstu 4-5 árum og er undirbúningsvinna að byggingu nýrrar bálstofu á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð hafin en þar hefur verið gert ráð fyrir bálstofu frá 2003 og eru byggingateikningar þar samþykktar af Reykjavíkurborg. Þessi undirbúningsvinna er unnin af beiðni dómsmálaráðuneytis og er undir stjórn kirkjugarðaráðs. Nú er verið að taka saman kostnað við slíka framkvæmd og reksturinn. Á það verður látið reyna hvort vilji sé fyrir því að ríki, sveitarfélög og kirkjugarðar landsins stofni samlag um uppbygginguna og reksturinn sem yrði í opinberri umsjá. Sá tími sem HER gefur KGRP til að koma upp viðhlítandi mengunarvörnum er skammur en gert er ráð að hliðrað verði til, ef sýnt þykir að verið sé að vinna raunhæft í þessum málum og ný bálstofa með tilheyrandi hreinsibúnaði sé í augnsýn.

Svar HER: *HER telur mjög brýnt að því verði hraðað eins og kostur er að koma upp nútímalegri aðstöðu með fullkomnum mengunarvörnum. Eins og staðan er í dag er bálstofan án eiginlegra mengunarvarna sem er úr takti við kröfur sem eru gerðar til bálstofa í daga, m.a. í nágrannalöndum okkar, ásamt því að það samræmist ekki alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur fullgilt t.d. með OSPAR samningnum. Í Noregi var veittur þriggja ára frestur og í Danmörk fjögurra ára frestur fyrir uppsetningu mengunarvarna við eldri bálstofur á sínum tíma. Í ljósi þess að mengun er meiri frá starfseminni en ásættanlegt er gerir HER sambærilega kröfu um uppsetningu mengunarvarnabúnaðar sem er í samræmi við BAT í dag. Minnt er á að HER fer fram á að úrbótaáætlun verði skilað innan árs frá útgáfu starfsleyfis og þá ætti tímarammi fyrir verkefnið að liggja fyrir. Útgáfa starfsleyfis fyrir bálstofu í Fossvogi er óháð framtíðaráformum um bálstofu í Grafarvogi.*

Athugasemdir frá forsvarsfólki Tré lífsins – bálstofa og Minningargarðar ses, og svör HER:

1. Athugasemd er gerð við að starfsleyfið eigi að gefa út til 12 ára, frá dd.mm.2021-dd.mm.2033, þar sem að:

a. Í grein 1.4 í starfsleyfisskilyrðunum er tekið fram að starfsleyfið skuli endurskoðað að lágmarki innan fjögurra ára.

Svar HER: *Staðsetning starfsemi er ákvörðuð í skipulagi. HER hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að veita starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi sbr. viðauka IV við lögin og setja starfseminni mörk í starfsleyfisskilyrðum um hvað geti talist ásættanleg umhverfisáhrif (mengunarvarnir, umgengni o.fl.) út frá m.a. starfseminni og staðsetningu. Verklag HER er að gefa út starfsleyfi til 12 ára nema sótt sé sérstaklega um annan gildistíma. Ákvæði um endurskoðun gefa færi á að rýna starfsleyfisskilyrði og meta hvort tilefni sé til breytinga á þeim, þar með talið*



gildistíma leyfis. Veiting starfsleyfis til 12 ára hefur ekki áhrif á hvaða kröfur eru gerðar um mengunarvarnir.

b. stjórnendum bálstofunnar er gefinn fjögurra ára aðlögunartími til að setja upp mengunarvarnir og hreinsibúnað skv. gr 5 í starfsleyfisskilyrðunum.

Svar HER: *Í ljósi þess að verið er að auka kröfur með ákvæðum um uppsetningu hreinsibúnaðar, sem þarfnast undirbúnings þykir eðlilegt að veita fjögurra ára aðlögunartíma. Við þá ákvörðun var meðal annars horft til þriggja til fjögurra ára aðlögunartími sem er skv. fyrirmynd nágrannalanda eins og Noregs og Danmerkur.*

2. Athugasemd er gerð við hve seint verið er að vinna umsóknina. Umsóknin er dagsett 2.júní 2020. Starfsleyfið rann út 10.júní 2020. Tíu dagar eru þangað til að framlenging á gildandi starfsleyfi rennur út í samræmi við 4.mgr. 6.gr. laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Svar HER: *Vegna mikilla anna náðist ekki að vinna tillögu að starfsleyfi fyrr.*

3. Athugasemd er gerð við að ekki eru sett viðmiðunarmörk um losun mengandi efna eins og tekið er fram að skuli að lágmarki gert í starfsleyfi sbr. 1.tl. 1.mgr. 9.gr. laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Svar HER: *Fyrsti tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr 7/1998 á við um starfsemi sem þar sem útgefandi starfsleyfis er Umhverfisstofnun. Hann á ekki við um starfsemi sem heilbrigðiseftirlitssvæðin gefa út starfsleyfi fyrir. Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998: „Útgefandi starfsleyfis skal tilgreina í starfsleyfi, sbr. viðauka ... ¹⁾ IV, rekstraradila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar og stærð og skilyrði, auk ákvæða um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitismælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar, eftir því sem við á hverju sinni. Ákvæði um mengunarvarnir skulu taka mið af BAT-niðurstöðum þegar þær liggja fyrir.“ Viðauki IV er listi yfir mengandi starfsemi sem heilbrigðnefnd gefur út starfsleyfi fyrir, og er því ljóst að ákvæði um t.d. viðmiðunarmörk er sett eftir því sem við á hverju sinni. Á Íslandi hafa ekki verið sett viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna frá bálstofum.*

4. Því er fagnað að sett sé inn endurskoðunarákvæði í grein 1.4, enda setur það þrýsting á núverandi stjórnendur bálstofunnar að sinna mengunarvörnum. Þó er spurt um viðurlög, hvað gerist ef ekki verður búið að uppfylla þær ábendingar sem gerðar eru til stjórnenda bálstofunnar? Verður bálstofan svipt starfsleyfinu?

Svar HER: *Ákvarðanir um beitingu þvingunarúrræða eru ekki teknar fyrirfram heldur er það gert ef og þegar tilefni er til og eftir atvikum hverju sinni. Um þvingunarúrræði sem HER getur beitt er vísað í XVII kafla laga nr. 7/1998. Bent er á að fyrsta úrræði HER er að krefjast úrbóta ef ákvæði starfsleyfisskilyrða eru ekki uppfyllt. Rekstraradili hefur andmælarétt áður en kemur að beitingu þvingunarúrræða og getur þar fært fram málefnaástæður þess að ákvæði starfsleyfisskilyrða eru ekki uppfyllt og er tekin afstaða til andmæla hverju sinni og metið hvort það hefur áhrif á framhaldið.*

5. Því er fagnað að gerð sé krafa um BAT (bestu aðgengilegu tækni) í grein 1.5.



6. Athugasemdir við Grein 4. Vöktun.

a. Ekki verður séð að settar séu viðeigandi kröfur um vöktun losunar eins og tekið er fram að skuli að lágmarki gert í starfsleyfi sbr. 3.tl. 1.mgr. 9.gr. laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Svar HER: Aftur er vísað í ákvæði sem Umhverfisstofnun ber að setja í starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemi sem er með starfsleyfi hjá stofnuninni. Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998 getur heilbrigðisnefnd sett í starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemina ákvæði um vöktun eftir því sem við á hverju sinni. Að svo komnu hefur aðeins verið talin ástæða til að vakta magn kvikasilfurs í jarðvegi nálægt bálstofunni.

b. Tíu ár eru liðin frá síðustu mælingu á kvikasilfri í jarðvegi og er það ótækt. Mælingar ætti að framkvæma reglulega og taka það fram í starfsleyfisskilyrðum hve langur tími megi líða á milli mælinga.

Svar HER: Við fyrri mælingu mældist ekki aukið kvikasilfur í jarðvegi við bálstofuna, þrátt fyrir rekstur hennar þar frá 1948. HER gerir því aðeins kröfu um slíka mælingu á 10 ára fresti, sem er í samræmi við viðmið fyrir vöktun á jarðvegi skv. 10. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Ákvæði um það hefur verið bætt við 4.1 gr. starfsleyfisskilyrðanna.

c. Eðlilegast er að í starfsleyfisskilyrðum væri tekið fram að óháður aðili skuli framkvæma sýnatöku og mælingar og skila þeim inn til HER.

Svar HER: HER er sammála því að óháður aðili framkvæmi sýnatöku og mælingar, eins og var gert við fyrri mælingu á kvikasilfri í jarðvegi.

d. Vöktun ætti að ná til fleiri mengunarvalda en eingöngu kvikasilfurs því útblástur frá líkbrennslu inniheldur m.a.:

koltvísýring, köfnunarefnisoxíð, kolmónoxíð, brennisteinsdíoxíð, svifryk, rokgjörn lífræn efnasambönd (NMVOC), aðra þungamálma og viðvarandi lífræn mengunarefni (POP's). (Umhverfisstofnun Evrópu).

Svar HER: Aðalmengunin telst vera kvikasilfur. Magn mengandi efna frá bálstofum hefur verið rannsakað og er því þekkt (sjá kafla um líkbrennslu í EEA Report No 13/2019 (<https://bit.ly/3x2f6sK>)). Krafa er gerð um uppsetningu mengunarvarnarbúnaðar. Við uppsetningu mengunarvarna má búast við að starfsleyfið verði tekið til endurskoðunar og starfsleyfisskilyrði uppfærð með tilliti til mælinga og/eða vöktunar á mengandi efnum í útblæstri.

7. Tré lífsins fagnar því að bálstofan skuli skylduð til að innleiða mengunarvarnir og hreinsibúnað fyrir starfsemina innan fjögurra ára sbr. grein 5, þó fyrr hefði verið. Sá búnaður getur mælt mengandi efni í útblæstrinum sem hægt er að bæta við grein 4. Vöktun og eðlilegt að séu vöktuð ef veita á starfsleyfið til 12 ára.

Svar HER: Við uppsetningu mengunarvarna má búast við að starfsleyfið verði tekið til endurskoðunar og starfsleyfisskilyrði uppfærð með tilliti til mælinga og/eða vöktunar á mengandi efnum í útblæstri.

5. Breytingar á auglýstri tillögu að starfsleyfi



Ákvæði í gr. 1.3 starfsleyfisskilyrða hefur verið breytt úr „Starfsemi er heimil frá 7:00 til 15:00 á virkum dögum“ í að „Líkbrennsla er heimil virka daga. Líkbrennsla skal hefjast eigi síðar en kl. 7.00 og vera lokið eigi síðar en kl. 16.00.“

Við gr. 4.1 starfsleyfisskilyrða er bætt við ákvæðinu að „Framkvæma á slíka mælingu á kvikasilfri í jarðvegi á 10 ára fresti, í samræmi við viðmið fyrir vöktun á jarðvegi skv. 10. gr. reglugerðar nr. 550/2018.“

6. Ákvörðun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við a. lið, viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn fyrir bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur tekin til afgreiðslu á 1540. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 8. júní 2021 og samþykkt að gefa út starfsleyfi til 12 ára. Umsóknin var lögð fram að nýju á 1541. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 11. júní 2021 vegna uppfærslu starfsleyfisskilyrða og samþykkt að gefa út starfsleyfi til 12 ára.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 11. júní 2021.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Rósa Magnúsdóttir
deildarstjóri